

aðra guði, og oftast mun hafa liðið langt skeið, áður en virkileg náttúrudyrkun byrjaði, er menn tóku að eigna náttúruöflunum guðdómlega eiginlegleika og hefja þau í geðatölu.

Annars mun mannkynið á fyrstu stigum sínum hafa alls enga dyrkun haft, en ekki vitum vér, hve lengi það hefir varað, en til samjafnaðar eru Australlíu-negrarnir. Er Norðurlálfumenn þekktu þá fyrst. dyrkuðu þeir þá alls ekkert*, enda þykja þeir að andlegri þroskun til standa allra þjóða lægst. Enn er trú þeirra hin einfaldasta sáldyrkun. Þeir trúa að sálir hinna framliðnu reiki fyrst nokkra hríð um jörðina, fari svo til skýjanna og taki sér þar samastað.

Flestar aðrar siðlausar þjóðir standa ólíkt framur en Australlíu-negrarnir. Bæði hjá svertingjum Suðurlálfunnar og rauðskinnnum Vesturheims má gjöra greinarmun á eiginlegum trúarbrögðum og hjátrú. Venjulegast er það hinn „mikli andi“, er þeir trúa á. Þó er fjarri, að þessi „mikli andi“ sé eiginlega nokkur guð, að minnsta kosti tilbiðja þeir hann ekki; það játa þeir sjálfir. En þeir segjast ákalla og tilbiðja anda forfeðra sinna einna, hvenær sem þeir þykjast hjálparvana, og þeir biðja þá líka um allt mögulegt, án þess að snúa sér til nokkurs eins af þeim.

Hinn mikli andi þeirra er heldur ekki skapari heimsins, en á himnum er hann þó, og virðist sem þeir skoði hann sem „örlögin“. Trúin á tilveru hans hindrar þá ekki frá því, að hafa fjölda guða, en sem þeir þó sjaldnast ákalla, utan hernaðarguðina, þá þeir leggja til bardaga, en þá eru þeir líka ákallaðir ásamt öndum hraustra forfeðra, og er því samfara dans og önnur mikil hátíðahöld.

Dyrkun þjóða þessara er því sálnadyrkun og hefir að líkindum verið svo frá aldaðli, þótt nú síðst sé hún samfara tilbeiðslu náttúruaflanna. Andarnir eru allstaðar. Þeir gjöra gott og illt eftir geðþekni sinni, þeir verða því að dyrkast. Dyrk-

*) Óvíst er, þótt þeir hefði haft einhverja trúarmeðvitund, að Evrópumenn hefði orðið þess áskynja, fyr en þeir fóru að kynna þeim, og því ekki vel traust að byggja á þannig lagaðri sögusögn. Flestir munu telja átrúnað í einhverri mynd manningum jafngamlan. Ritstj.